

Til: Svandísar Svavarsdóttur, matvælaráðherra
Afrit til: Benedikts Árnasonar, ráðuneytisstjóra og Björns H. Barkarsonar skrifstofustjóra
Frá: Stjórn VÍN, vina íslenskrar náttúru
Efni: Hatursorðræða staðgengils skógræktarstjóra í garð prófessora í VÍN

Selfossi 26. apríl 2023

Eins og ykkur er kunnugt um hefur staðgengill skógræktarstjóra iðkað um áratuga skeið hatrammar ófaglegar ásakanir á hendur núverandi forsvarsmanna VÍN, Svein Runólfsson, Andrés Arnalds og Jón Gunnar Ottósson.

“Dr. Ólafur Gestur Arnalds, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands og einn okkar virtasti sérfræðingur í jarðvegsfræðum var að gefa út bók, sem spannar ævistarf hans, "Mold ert þú". Mikið og glæsilegt verk sem hefur fengið mjög góðar viðtökur. Staðgengill skógræktarstjóra finnur bókinni og góðu viðtali við Ólaf á Kiljunni allt til foráttu. Það er ekki aðfinnsluvert að gagnrýna bækur og viðtöl, en lágmarkskrafa er að hún sé málefnaleg. Staðgengillinn er hins vegar aðeins með ómerkilegt skítkast á fésbókinni ("áhugamenn um landgræðslu"), sem á ekkert skylt við málefnalega umræðu. Orðbragð sem hann notar þar er honum til æverandi skammar.

Nýlegt dæmi frá embættismanninum:

„Ég hygg að umhverfisvandamálið lúpína og barrtré á Íslandi eigi sér sálrænar rætur. Slíka kvilla mætti lækna með samtalsmeðferð og (eða) viðeigandi lyfjagjöf.“

Og

„Hlutverk VÍN er að dreifa upplýsingaóreiðu. Hlutverk þeirra VÍNara sem eru háskólakennarar er innræting meðal nemenda á fjarstæðum, svo þeir geti síðar dreift sömu bábiljum og upplýsingaóreiðu, í störfum sínum úti á vinnumarkaði, eftir námslok.“

Rétt er að á meðal þeirra 60 félaga í VÍN eru margir prófessorar og háskólakennarar, sem eru óumdeilanlega meðal fremstu fræði- og vísindamanna landsins á sviði umhverfismála. Það að hann skuli ráðast á starfsheiður þeirra með þessum hætti er óásættanlegt með öllu. Er ekki mál að linni?

F. h. stjórnar VÍN

*Sveinn Runólfsson, formaður,
Jón Gunnar Ottósson, varaformaður.*